



Nafn 1
Nafn 2
Heimilisfang
Póstnr og Bæjarfélag

Þjóðræknisfélag Íslendinga

Ritstjórn:
Unnur Ýr kristinsdóttir
Halldór Árnason (Ábm.)

Fréttablað PFÍ

2.tbl 10. ágúst 2015

KÁINN OG ÞJÓÐRÆKNISÞING 2015

TÍMARIT	
Vigdís Finnbogadóttir heiðursgestur	2
Samningur um fjármögnun spor Árna Magnússonar í Vesturheimi	2
Starfsnám fyrri Snorra	2
Sígildur Snorri plus	3
Snorra West verkefnið 2015	3
Vesturfaramiðstöð Vopnafirði	4
Vestur Íslendingar í heimsókn	4

Þjóðræknisþing ÞFÍ verður haldið sunnudaginn 23. ágúst nk. að Hótel Natura í Reykjavík og hefst kl. 14. Sem fyrr er þinginu ætlað að efla tengsl Íslendinga við frændur okkar og vini afkomendur Íslendinga sem fluttu vestur um haf. Dagskrá Þjóðræknisþingsins er fjölbreytt að vanda. Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir flytur ávarp í upphafi þingsins. Hún er ný-komin úr ferð um Íslendinga-byggðir þar sem hún var heiðursgestur á Íslendinga-hátíðunum í Mountain, Norður-Dakota og Gimli í Manitoba. Almar Grímsson fjallar um vestur-íslenska vísna- og kímnskálðið KÁINN og Sunna Pam Furstenau segir frá því hvernig ættfræðin hefur leitt ættingja saman á ný og

nefnir nokkra til leiks. Þormóður Sveinsson fjallar um íslenska byggingameistara og arkitekta í Vesturheimi og Katlin Parsons segir frá verkefninu *Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi*. Ungir íslenskir þátttakendur í Snorra West verkefninu segja í máli og myndum frá 4 vikna ferð á Íslendingaslóðir í sumar

og þátttakendur í Snorra Plus verkefninu koma fram. Á milli atriða mun hljómsveitin Baggalútur flytur eigin lög við texta KÁINS. Félagsmenn ÞFÍ eru hvattir til að mæta á þingið og taka með sér gesti. Aðgangur er öllum ókeypis.



Fjölmenni og fjölbreytt dagskrá

BISKUP ÍSLANDS OG HÚNVETNSKIR KÓRAR Í MOUNTAIN OG GIMLI

Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, var heiðursgestur á Íslendinga-hátíðunum í Mountain og Gimli í byrjun þessa mánaðar. Að auki skemmtu á báðum hátíðunum tveir kórar úr Austur-Húnavatnssýslu, Karlakór Bólstaðahlíða-hrepps og Kirkjukór

Hólaneskirkju. Fulltrúi ÞFÍ á hátíðunum var Almar Grímsson fv. forseti ÞFÍ. Fjallkonan á hátíðar-höldunum í Gimli var að þessu sinni Linda Fay Sigurdson Collette frá Lundar. Á vegum Bænduferða fóru þrír skipulagðir hópar á hátíðirnar.



Kirkjukór Hólaneskirkju

Vigdís var heiðursgestur á Þjóðræknisþinginu í Minneapolis

Vigdís Finnbogadóttir fyrrum forseti Íslands og heiðursfélagi ÞFÍ var heiðursgestur á árlegu þingi Þjóðræknisfélaganna í Norður-Ameríku sem haldið var í Minneapolis dagana 15.-17. maí sl. Í hátíðarræðu sinni fjallaði Vigdís m.a. um mikilvægi tungumála og töfra þeirra, hvernig við notum málið til að tjá og skilgreina upplifun okkar. Ísland var í upphafi ekki aðeins numið af fólki heldur einnig af orðum og tungumáli. Tungumál eru kjarni mannkyns, geta ekki án

okkar verið og við getum ekki verið án þeirra. Þá flutti Cathy Josephson frá Vopnafirði erindi þar sem hún sagði frá þeim Íslendingum sem fluttu frá Vopnafirði og nærsveitum til Minnesota og hvernig afkomendum þeirra hefur vegnað. Um 200 fulltrúar frá þjóðræknisfélögum vítt og breytt um Norður-Ameríku sóttu þingið. Halldór Árnason, Ásta Sól Kristjánsdóttir og Ásdís Eva Hannesdóttir sóttu þingið af hálfu ÞFÍ og Snorra-sjóðs.



Vigdís í hópi Snorraþátttakenda

SAMNINGUR UM FJÁRMÖGNUN Í FÓTSPOR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í VESTURHEIMI

Í tilefni af hálfar aldar afmæli Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands hafa sjóðurinn og Stofnun Árna Magnússonar gert með sér samstarfssamning um að sjóðurinn styrki verkefni á vegum Árnastofnunar sem felst í því að safna upplýsingum um handrit í Vesturheimi og skrá á stafrænt form. Styrkurinn er til þriggja ára og nemur alls 11,1 milljón kr. Háskólasjóðurinn var stofnaður 1964 og var stofnfé sjóðsins hlutabréfaeign Vestur Íslendinga í Eimskipafélaginu. Landsbankinn hf. og Eimskip munu að auki styrkja verkefnið um eina milljón króna, hvort fyrirtæki. Verkefnið nefnist „Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi“ og er markmið þess að skrá handrit í opinberum

söfnum og einkaeigu í Kanada og Bandaríkjunum í gagna-grunn á vefsíðunni handrit.is. Heiðursráð ÞFÍ undir forystu Svavars Gestsson hefur unnið að þessu verkefni að undan-

förnu. Katelin Parsons doktorsnemi vinnur að verkefninu á vegum Árnastofnunar. Athuganir hennar benda sterklega til þess að þúsundir handrita hafi verið

fluttar vestur um haf á árunum 1870–1914 sem séu enn á við og dreif meðal annarra óskráðra menningar-verðmæta.



Frá undirritun samnings

FYRRUM SNORRAR Í STARFSNÁMI Á VESTURFARASETRINU Á HOFÓSÍ

Vesturfarasetrið á Hofsósi er áningastaður flestra Vestur-Íslendinga sem koma til landsins og fjölmargra Íslendinga sem hafa áhuga á sögu Vesturferðanna. Eldhugarnir Valgeir Þorvaldsson og Halldór Þorvaldsson dóttir kona hans hafa borið hitann og þungann af starfsemi frá upphafi. Í samstarfi Þjóðræknisfélagsins, Vesturfara-

setursins, Sendiráðs Kanada og Sendiráðs Bandaríkjanna á Íslandi og Icelandair var fyrrum þátttakendum í Snorra-verkefninu, einum frá Kanada og einum frá Bandaríkjunum, boðið að starfa á Vesturfarasetrinu á Hofsósi í 8 vikur í sumar. Úr hópi fjölda umsækjenda voru að þessu sinni valdar þær Morgan Ann Czaja frá New Jersey

og Natalie Guttormsson frá Toronto. Þær tóku báðar þátt í Snorra-verkefninu árið 2014. Áður en þær fóru til Hofsós dvöldu þær viku langt í Reykjavík, kynntu sér borgarlífið og heim-sóttu ættingja. Þess er vænst að framhald geti orðið á þessu verkefni næstu árin.



Natalie og Morgan á Hofsósi

JÁKVÆÐ & ÞAKKLÁT UNGMENNINNI Í SNORRA-2015

Sextán ungmenni, 11 frá Kanada og 5 frá Bandaríkjunum, tóku þátt í Snorra-verkefninu í sumar. Að þessu sinni voru 4 drengir og 12 stúlkur.

Eftir að tveggja vikna náms- og menningardagskrá lauk í Reykjavík dvöldu þau hjá ættingjum og vinum víða um land. Tóku ættingjar ungmennanna hér á landi svo við keflinu þar sem þau dvöldu í þrjár vikur. Samtals dvöldu ungmennin á 23 stöðum og kynntust þar daglegu lífi og starfi. Má þar nefna Ísafjörður, Blönduós, Akureyri, Sauðárkrók, Egilsstaðir/Fellabær, Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjar, Hveragerði, Mosfellsbæ,

Njarðvík og Reykjavík. Snorraverkefnið á þeim fjölmörgu fjölskyldum sem tóku á móti sínum „Snorrum“ mikið að þakka, sem og þeim stöðum sem tóku þá í starfsþjálfun og styrktu verkefnið. Að þessum þrem vikum liðnum hélt hópurinn saman í vikulanga landkynningarferð. Að þessu sinni var farið um Suðurland að Dyrhólaey, farið yfir Kjöl að Vesturfarasetrinu á Hofsósi. Loks var farið um Dali og Snæfellsnes.

Lokaverkefni þátttakenda voru fjölbreytt og mikill metnaður settur í kynningu þeirra við útskriftarathöfn á Northern Light Inn við Bláa lónið þann 23. júlí sl. Augljóst var að

dvölin hafði djúpstæð áhrif á alla þátttakendur. Einn þátttakandi breytti eftirnafni sínu í takt við nafn forföðurs, annar hefur sett stefnu á listnám og

sjálfstraust margra og trú á eigin getu jókst. Allir héldu af landi brott sáttir en með tár á hvarmi.



Snorrarnir tjölduðu á Hveravöllum

SÍGILDUR SNORRI PLUS

Þann 19. ágúst nk. koma 15 eldri Snorrar til Íslands. Að vanda dvelur hópurinn eina viku í Reykjavík og sækir fróðlega fyrirlestra sem fara fram í Hannesarholti. Móttaka fyrir ættingja þátttakenda verður á skrifstofu Norræna félagsins 21. ágúst. Þátttakendur heim-sækja vinnustaði sem tengjast störfum sem þau hafa sinnt

heima fyrir. Hópurinn tekur þátt í Þjóðræknisþinginu 23. ágúst, Menningarnótt og Reykjavíkurmaraþon áður en haldið er norður í land, n.t.t. Hofsós, Akureyri og Mývatn. Kveðjuathöfn fyrir hópinn verður í Bláa Lóninu að kvöldi 31. ágúst.



Snorrar uppi í Drangey

Ævintýri á vesturströnd

Í fyrsta sinn var Snorra West verkefnið á vesturströnd Kanada og Bandaríkjanna. Fjögur íslensk ungmenni voru valin úr rúmlega tuttugu manna hópi og hófst dvölin í Vancouver. Þaðan var farið til Nanaimo, Tofino og Victoria á Vancouver-eyju, ásamt Blaine,

Bellingham og Point Roberts. Ferðinni lauk í Seattle. Þátttakendur munu lýsa upplifun sinni á Þjóðræknisþinginu 23. ágúst nk. Á næsta ári verður farið til Minnesota, Norður-Dakóta og Manitoba. Umsóknarfrestur verður í lok febrúar. Upplýsingar um öll verkefni eru á www.snorri.is



Þátttakendur í Snorra West 2015



Óðinsgötu 7
101 Reykjavík
Sími: 534-0017
Fax: 562-8296
Netfang: inl@snorri.is
Heimasíða: www.inl.is

VILTU VERA Á
PÓSTLISTA ÞFÍ?
SENDU POST Á
INL@SNORRI.IS

FINNDU
OKKUR Á **facebook**

Landnám íslenskra mormóna í Spanish Fork 160 ára

Dagana 10.-13. september verður þess minnst í Spanish Fork og Provo í Utah með ráðstefnu og hátíðarhöldum að 160 ár eru liðin frá komu fyrstu íslensku landnemanna þangað. ÞFÍ í samstarfi við Bændaferðir bjóða af því tilefni upp á hópferð dagana 7.-18. september nk. til Utah. Á ráðstefnunni munu íslenskir og erlendir fræðimenn m.a. fjalla um aðdraganda þess að um 400 Íslendingar, flestir frá Vestmannaeyjum, gerðust Mormónar og fluttu til Utah og afdrif afkomenda þeirra. Á afmælishátíð Íslendinga-félagsins í Spanish Fork koma ungir sem aldnir saman til að minnast Íslands og uppruna síns. Loks verður hlýtt á Mormónakórinn í Musterinu mikla í Salt Lake City. Að hátíðarhöldunum loknum er ferðinni heitið í þjóðgarðana þrjá, Bryce, Zion og Arches þar sem sjónum er beint að þeirri mögnuðu náttúrufegurð sem Utah hefur upp á að bjóða. Þar hefur náttúran skapað sannkölluð listaverk - stórkostlegar klettastrýtur, steinboga og dranga í ólýsanlegum litum. Nánari upplýsingar má finna á slóðinni: <http://www.baendaferdir.is/serferdir/serferdir/natturuperlur-utah-islendingahatid>

Vesturfaramiðstöðin á Vopnafirði

Cathy Ann Josephson hefur annast rekstur Vesturfaramiðstöðvar Austurlands frá stofnun 2002 af miklum dugnaði og myndarskap í Kaupvangshúsinu á Vopnafirði. Cathy er fædd og uppalin í þorpinu Minneota í Minnesota en afi hennar og amma settust þar að þegar þau fóru frá Íslandi árið 1893. Þegar Cathy kom til Íslands í fyrsta skipti árið 1994 fannst henni hún vera komin heim. Hálfu ári síðar hafði hún selt flestar föggur sínar og flutti alfarið til Íslands. Nánar tiltekið á Vopnafjörð, á staðinn sem forfeður hennar höfðu flutt frá fyrir um 100 árum til Minnesota í Bandaríkjunum. Í Vesturfaramiðstöðinni á

Vopnafirði má m.a. finna mynda- og skjalasafn sem tengist þeim mikla fjölda fólks sem lagði upp frá Vopnafirði vestur um haf á fjörutíu ára tímabili, um 1200 manns skráðir á Vopnafirði auk mun fleiri frá öðrum stöðum. Margir þeirra settust að í Minnesota líkt og forfeður Cathyar.

Þeir sem eiga leið um Vopnafjörð eru hvattir til að koma við á Vesturfaramiðstöðinni og njóta leiðsagnar Cathyar og alls þess fróðleiks sem þar er að finna.



Cathy og kjóllinn sem Halldóra ömmusystir hennar klæddist við útskrift sem kennari.

Vestur Íslendingar í heimsókn á Íslandi

Í sumar hafa fjölmargir Vestur-Íslendingar komið til Íslands, heimsótt ættingja og vini, ferðast um og litið augum staði á Íslandi sem forfeður og formæður komu frá. Flestir koma við á Vesturfarastrinu á Hofsósi þar sem finna má margvíslegan fróðleik um fólk sem flutti frá Íslandi vestur um haf. Meðal þeirra sem komu til landsins eru Raymond og Alma Sigurdson sem búa á Framnesi rétt við Gimli í Manitoba. Þau komu ásamt dætrum, tengdasonum og

barnabörnum, alls 12 manns. Formleg setning Íslendingadagsins í Gimli hefur farið fram í árávis á heimili þeirra Raymonds og Ölmur þar sem þjóðfánar Íslands og Kanada hafa verið dregnir að hún, skemmtiræður haldnar og boðið upp á höfðinglegar veitingar að íslenskum sið. Þau eru því auðfúsu gestir fjölmargra Íslendinga sem notið hafa gestrisni þeirra í Manitoba.



Alma, Ray, Don og Sandra